

Þriðjudaginn 23. júní 1981.

Nr. 173/A/1979. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
 gegn

Bertu Guðbjörgu Hannesdóttur

(Sigurður Ólason hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Sakarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu, en ákærða vildi una héraðsdómi. Ríkissaksóknari krefst þess, að ákærða verði sakfelld samkvæmt ákæruskjali og henni dæmd refsing.

Verjandi krefst þess, að ákærða verði sýknuð af kröfum ákærvalds og allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun sér til handa.

Ákæruefni og rannsóknargögnum er lýst í héraðsdómi.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 3. júlí 1978 var ákærðu dæmd 80.000 gamalla króna sekt og hún svipt ökuréttindum í 4 mánuði frá birtingu dómsins fyrir brot á 24., 26. og 37. gr. laga nr. 40/1968. Dómsorðið var lesið í dóminum að viðstöddum verjanda ákærðu, Sigurði Ólasyni hæstaréttarlögmanni, er óskaði þess þegar í stað, að dóminum yrði áfrýjað.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, stöðvuðu lögreglumenn ákærðu hinn 21. september 1978, þar sem hún ók bifreið sinni um Njarðargötu í Reykjavík. Ákærða hafði þá meðferðis ökuskírteini sitt. Er hún sótt til saka í máli þessu fyrir brot á 1. málsg. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, fyrir að aka bifreið sinni í umrætt sinn svipt ökuréttindum.

Ákærða gengst við því, að verjandi sinn hafi verið búinn

að skýra sér frá efni dómsins frá 3. júlí 1978, áður en hún ók bifreið sinni í þetta skipti. Jafnframt hafi hann greint sér frá því, að hann hafi hennar vegna óskað áfrýjunar málsins. Hafi það verið í samræmi við viðhorf sitt og fyrri viðræður þeirra í milli. Eru ákærða og verjandi samsaga um þessi atriði. Ákærða kveðst hafa verið þeirrar skoðunar, að áfrýjun málsins hlyti að fresta framkvæmd þess ákvæðis dómsins, er kvæði á um sviptingu ökuréttinda. Hafi það að vísu ekki borið á góma í viðræðum við verjanda, og rekur verjanda eigi minni til þess, að á það hafi verið minnst þeirra í milli. Ákærða kveðst hafa ekið bifreið sinni eftir sem áður gersamlega grandalaus um, að nokkuð segðist á slíku. Hafi hún hvorki afhent lögregluyfirvöldum ökuskírteini sitt né þau kallað eftir því.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum í dag, var ákærða sýknuð af kröfum ákæruvalds í máli því á hendur henni, sem dæmt var í sakadómi Reykjavíkur 3. júlí 1978 og að framan greinir, þ. á m. af kröfu ákæruvalds um sviptingu ökuréttinda.

Ákærðu var skylt að virða ákvæði dómsins frá 3. júlí 1978, uns honum yrði hnekkt. Ber að staðfesta þá úrlausn héraðsdómara, að ákærða sé sek við 1. málsg. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, með akstri sínum. Í 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er dómstólum heimilað að kveða svo á m. a., að refsing falli niður, ef verknaður verður ekki „talinn líkt því eins refsiverður og venjulegt er um sams konar brot“. Þykir rétt með stoð í þessu ákvæði og þeim meginreglum, sem í því felast, að staðfesta þau málalok í hinum áfrýjaða dómi, að refsing ákærðu falli niður. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað, en rétt þykir, eins og hér stendur á, að leggja á rikissjóð allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, 1.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að niðurstöðu til.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Bertu Guðbjargar Hannesdóttur, fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, 1.500.00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. mars 1979.

Ár 1979, miðvikudaginn 28. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 108/1979: Ákærvaldið gegn Bertu Guðbjörgu Hannesdóttur, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 1. þ. m., gegn Bertu Guðbjörgu Hannesdóttur húsverði, Fells múla 4, fæddri 6. júní 1919 að Vaðstakksheiði í Neshreppi, „fyrir að aka fimmtudaginn 21. september 1978, svipt ökuréttindum, bifreiðinni R 6004 eftir Sóleyjargötu í Reykjavík og síðan beygt norður Njarðargötu, uns lögreglan stöðvaði aksturinn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærða var með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 3. júlí 1978, dæmd í 80.000 kr. sekt fyrir brot gegn 24. gr. umferðarlaga og jafnframt svipt ökuleyfi sínu 4 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Fimmtudaginn 21. september 1978 stöðvuðu lögregluþjónar ákærðu, er hún var að aka bifreið um Njarðargötu. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar hefur ákærða þá sýnt ökuskírteini sitt, og er skýrsla var tekin af henni af varðstjóra í lögreglustöðinni, hefur hún skýrt svo frá, að hún teldi sig ekki svipta ökuleyfi, þar sem dóminum hefði verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Ákærða ber það einnig fyrir sig í máli þessu, að hún hafi ekki vitað sig svipta ökuleyfi, þar sem dómi hafði verið áfrýjað.

Samkvæmt gögnum, sem dómariinn aflaði af sjálfsdáðum í máli þessu, hefur verjandi ákærðu, Sigurður Ólason hæstaréttarlögmaður, verið viðstaddur uppkvaðningu dómsins 3. júlí og tekið við birtingu dómsins og lýst strax yfir ósk um áfrýjun. Dómurinn hefur ekki verið birtur ákærðu sjálfri, og ökuskír-

teini hefur ekki verið tekið af henni, enda hafði hún það meðferðis 21. september, svo sem áður segir.

Ákærðu og Sigurði Ólasyni, sem borið hefur vitni í málinu, ber saman um, að hann hafi skýrt henni frá niðurstöðu dómsins. Ákærða kveðst statt og stöðugt hafa álitid, að hún hefði ökuleyfið, meðan á áfrýjun stæði. Hún efar þó ekki, að verjandinn hafi sagt henni réttilega frá áhrifum dómsins, og því verið um misskilning sinn að ræða. Ákærða segir, að aldrei hafi verið kallað eftir ökuskírteini hennar. Ákærða kveðst gera ráð fyrir, að hún hafi séð endurrit af dóminum hjá verjandanum, en hún muni það þó ekki fyrir víst.

Sigurður Ólason kveðst hafa skýrt ákærðu frá niðurstöðu dómsins. Hann kveðst ekki muna, hvernig orð féllu milli þeirra, en fullyrðir, að hann hafi ekki gefið ákærðu til kynna, að hún mætti aka bifreið, meðan á áfrýjun stæði. Sigurður man ekki sérstaklega eftir því, að þau ræddu þetta atriði.

Samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga frestar áfrýjun ekki verkun dóms að því er varðar sviptingu ökuleyfis. Hefur ákærða því verið án ökuleyfis við akstur bifreiðarinnar 21. sept.

Reglan í 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga er undantekning frá þeirri aðalreglu, að áfrýjun fresti áhrifum dóms í opinberu máli. Er nauðsynlegt, að slík ákvæði séu kynnt dómþola skýrt og ótvírætt. Samkvæmt 178. gr. laga 74/1974 ber að taka það fram í dómi, ef áfrýjun frestar ekki áhrifum réttindamissis. Er að álti dómsins jafn nauðsynlegt að gæta þessa ákvæðis, þótt lög bjóði, að tiltekin áhrif dóms frestist ekki, enda er ákvæðið til þess sett, að dómfelldur maður velkist ekki í vafa um stöðu sína að þessu leyti. Í dóminum frá 3. júlí er ekkert tekið fram um það, að áfrýjun fresti ekki áhrifum réttindasviptingar ákærðu. Þá er þess að gæta, að ákærða tók ekki sjálf við birtingu dóms, og ósannað er, að gengið hafi verið eftir því, að hún skilaði ökuskírteini sínu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að vísu talið, að akstur ákærðu 21. sept. 1978 hafi varðað við 27. gr., sbr. 81. gr. (sic) umferðarlaga, en með hliðsjón af þeim rökum, sem að ofan greinir, og 3. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt að fella refsingu hennar niður.

Ákærða verður dæmd til greiðslu sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Tómasar Gunnarssonar héraðsdómslögmanns, 30.000 kr.

Dómsorð:

Ákærðu, Bertu Guðbjörgu Hannesdóttur, verður ekki dæmd refsing í máli þessu.

Ákærða greiði kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Tómasar Gunnarssonar héraðsdómslögmanns, 30.000 krónur.

Miðvikudaginn 24. júní 1981.

Nr. 92/1981. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Tryggva Bjarna Kristjánssyni

(Páll S. Pálsson hrl.).

Mál felld niður. Þóknun sækjanda og verjanda.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramennir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Magnús Þ. Torfason.

Máli þessu var áfrýjað að ósk ákærða 10. mars 1981 og einnig til þyngingar af hálfu ákæruvalds. Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður var skipaður verjandi ákærða 15. apríl 1981.

Við fyrirtöku máls þessa hér fyrir dómi í dag var lýst yfir, að þess hefði verið farið á leit af hálfu ákærða, að fallið yrði frá áfrýjun málsins. Var það samþykkt af hálfu ákæruvalds. Verjandi ákærða krafðist þóknunar sér til handa og ríkissaksóknari krafðist þóknunar úr hendi ákærða fyrir störf sækjanda.

Samkvæmt framansögðu fellur mál þetta niður.

Með vísan til 2. mgr. 87. gr. og 1. mgr. 143. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973, ber að úrskurða ákærða til að greiða til ríkissjóðs þóknun fyrir störf sækjanda og þóknun skipaðs verjanda síns, sem þykir hæfilega ákveðin 200.00 krónur til hvors.